

Samgöngusamningur

Þjóðskjalasafn Íslands hvetur starfsfólk til að nýta sér vistvæna og heilsusamega samgöngumáta til að ferðast til og frá vinnustað. Með vistvænum samgöngumáta er átt við að nýttur sé annar ferðamáti en einkabifreið, t.d. reiðhjól eða almenningssamgöngur.

1.gr.

Við undirritun þessa samnings gengst starfsmaður undir það að ferðast ekki alla jafna einn með einkabíl til og frá vinnu heldur með vistvænum ferðamáta, s.s. að ganga, hjóla, fá far eða ferðast með öðrum eða ferðast með almenningssamgöngum.

2.gr.

Starfsmenn sem ferðast til og frá vinnu með vistvænum hætti í a.m.k. 60% tilvika (þrjú daga í viku miðað við 100% starf) eiga rétt á mánaðarlegum samgöngustyrk. Starfsmenn í 50% - 100% starfi fá fullan styrk að upphæð kr. 6.000 á mánuði og starfsmenn í 33% - 49% starfi fá hálfan styrk að upphæð kr. 3.000 á mánuði. Styrkurinn er undanþegin staðgreiðslu, sbr. 1. tl. 7. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003.

Starfsmaður velur eftirfarandi vistvænan ferðamáta:

- () Að ferðast að jafnaði með srætisvagni til og frá vinnu.
- () Að hjóla á raf- eða reiðhjóli eða ganga að jafnaði til og frá vinnu.

Starfsmaður sem nýtir almenningssamgöngur Strætó bs. vegna ferða til og frá vinnu, í samræmi við 1. gr. þessa samnings, á í stað ofangreindrar greiðslu kost á því að sækja um samgöngukort Strætó. Samgöngukortin gilda í 12 mánuði en eru á verði 9 mánaða korts. Starfsmaður sækir um samgöngukortið á vefsvæði Strætó bs.

- () Undirritaður starfsmaður hyggst sækja um samgöngukort frá Strætó bs. og samþykkir að Þjóðskjalasafn Íslands láti Strætó bs. í té upplýsingar um nafn og kennitölu við vinnslu umsóknarinnar hjá Strætó bs.

3.gr.

Samgöngustyrkur til starfsmanna sem eru frá starfi vegna foreldraorlofs eða langtímaleyfis fellur niður. Standi veikindi starfsmanns samfelld í einn mánuð eða lengur fellur samgöngustyrkur niður sem fjarveru nemur.

4.gr.

Verði starfsmaður uppvís að verulegum vanefndnum á samningi þessum er Þjóðskjalasafni heimilt að rifta honum fyrirvaralaust. Sjái starfsmaður fram á að geta ekki uppfyllt ákvæði samningsins skal hann tilkynna það til stjórnanda án tafar, sem tilkynnir breytinguna til launadeildar.

Samningur þessi er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með eins mánaðar fyrirvara. Samningurinn fellur úr gildi við starfslok.

Reykjavík _____